

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/2016****2019/EES/49/20****frá 18. desember 2018**

**um leyfi til að setja á markað afhýdd grjón af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis*) sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu. Hefðbundin matvæli frá þriðja landi eru nýfæði eins og skilgreint er í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(2)</sup> um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.
- 3) Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu hefðbundinna matvæla frá þriðja landi á markað í Sambandinu.
- 4) Hinn 23. janúar 2018 sendi fyrirtækið Obà Food Sr. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um þá fyrirætlun sína að setja afhýdd grjón af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf) á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í skilningi 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn fór fram á að almenningur neyti afhýddra grjóna af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf) sem slíkra eða sem innihaldsefnis í matvælum.
- 5) Skjalfestu gögnin, sem umsækjandinn lagði fram, sýna fram á að afhýdd grjón af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf) hafi reynst örugg til notkunar sem matvæli í löndum Vestur-Afríku, einkum Gíneu, Nígeríu og Malí.
- 6) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynninguna til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 28. febrúar 2018.
- 7) Engin tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi þess að setja afhýdd grjón af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf) á markað í Sambandinu bárust framkvæmdastjórninni frá aðildarríkjunum eða Matvælaöryggisstofnuninni innan fjögurra mánaða tímabilsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 323, 19.12.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 327, 11.12. 2015, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjútíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

- 8) Því ætti framkvæmdastjórnin að leyfa setningu afhýddra grjóna af hvítfingrgrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf) á markað í Sambandinu og uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði.
- 9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

1. Afhýdd grjón af hvítfingrgrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf), eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skulu færð á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð

*2. gr.*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Afhýdd grjón af hvítfingragrasi ( <i>Digitaria exilis</i> ) (Kippist) Stapf) (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	Ekki tilgreint	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „afhýdd grjón af hvítfingragrasi ( <i>Digitaria exilis</i> )“ <sup>44</sup>	

2) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Afhýdd grjón af hvítfingragrasi ( <i>Digitaria exilis</i> ) (Kippist) Stapf) (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	<p><b>Lýsing/Skilgreining</b></p> <p>Hefðbundnu matvælin eru afhýdd grjón (klíð fjarlægð) af hvítfingragrasi (<i>Digitaria exilis</i>) (Kippist) Stapf). Hvítfingragras (<i>Digitaria exilis</i>) (Kippist) Stapf) er einær jurtkennd planta sem tilheyrir grasætt.</p> <p><b>Dæmigerðir næringarþættir afhýddra grjóna af hvítfingragrasi:</b></p> <p>Kolvetni: 76,1 g/100 g af hvítfingragrasi</p> <p>Vatn: 12,4 g/100 g af hvítfingragrasi</p> <p>Prótín: 6,9 g/100 g af hvítfingragrasi</p> <p>Fita: 1,2 g/100 g af hvítfingragrasi</p> <p>Trefjar: 2,2 g/100 g af hvítfingragrasi</p> <p>Aska: 1,2 g/100 g af hvítfingragrasi</p> <p>Fýtatinnihald: ≤ 2,1 mg/g<sup>44</sup></p>